

Reykjavík, 27. nóvember 2017

Samkomulag um sátt vegna brots Kviku banka hf. á 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl).

Hinn 11. október 2017 gerðu Fjármálaeftirlitið og Kvika banki, hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.)

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) og 3. gr., 1. mgr. 6. gr. og 7. gr. reglna nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, með því að hafa í mars 2017 greitt tilteknum starfsmönnum, félögum í eigu þeirra eða maka kaupauka í formi arðs af hlutum í B flokki hlutabréfa í málsaðila

- án þess að slíkt hafi verið gert á grundvelli kaupaukakerfis, svo sem áskilið er í 3. gr. reglna 388/2016 og 1. mgr. 57. gr. a fttl.;
- án þess að uppfyllt hafi verið skilyrði 1. mgr. 6. gr. reglna nr. 388/2016 og 1. mgr. 57. gr. a fttl. um hámark fjárhæðar kaupauka;
- án þess að hluta greiðslna hafi verið frestað í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 388/2016, sbr. 57. gr. a fttl.;

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 37.500.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Hefur málsaðili einnig ráðist í úrbætur með því að innkalla alla hluti úr flokki B hluta og er málsaðili nú eigandi allra þeirra hluta. Samkvæmt upplýsingum frá málsaðila verður flokkurinn felldur úr samþykktum hans á næsta hluthafafundi.

Málsatvik

Samþykktum málsaðila var breytt 30. nóvember 2016 á þann veg að hlutafé málsaðila var skipt í tvo flokka, A og B flokk. Í A flokki voru 1.393.631.700 hlutir, hver hlutur að nafnverði 1 króna. Í B flokki voru 10.000.000 hlutir, hver hlutur að nafnverði 1 króna. Samkvæmt samþykktunum áttu hluthafar í B flokki rétt til arðs sem nam 35% árlegs hagnaðar málsaðila fyrir tekjuskatt að því marki sem hagnaður kynni að fara umfram 6% eigin fjár. Hlutirnir voru án atkvæðisréttar og framseljanlegir en eigendum þeirra var engu að síður skylt að hlíta innlausn þeirra á genginu 5 krónur á hlut samkvæmt ákvörðun stjórnar málsaðila.

Hinn 29. nóvember 2016 voru undirritaðir 31 samningur um kaup og sölu á hlutabréfum í B flokki á milli málsaðila og starfsmanna, félaga í eigu þeirra eða maka.

Nafnverð hlutanna sem seldir voru framangreindum aðilum nam samtals 6.808.114 krónur og var hver hlutur seldur á genginu 5 krónur. Á aðalfundi málsaðila þann 15. mars 2017 var



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

samþykkt að greiða arð til hluthafa í B flokki að fjárhæð 525.000.007 krónur, þar af fengu framangreindir aðilar arðgreiðslu að fjárhæð 357.426.096 krónur.

Málsaðili hefur óskað eftir að ljúka málinu með sátt.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 57. gr. a fttl. er fjármálafyrirtæki heimilt að ákvarða starfsmönnum kaupauka á grundvelli kaupaukakerfis að teknu tilliti til heildarafkomu yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, sbr. reglur nr. 388/2016.

Ákvæðið felur í sér að takmörk eru sett á greiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja sem eru umfram föst starfskjör þeirra. Hyggist fjármálafyrirtæki greiða starfsmönnum sínum greiðslur umfram föst starfskjör ber að gera það í samræmi við ákvæði 57. gr. a fttl. og fyrrgreindar reglur Fjármálaeftirlitsins. Slíkar greiðslur þurfa að grundvallast á kaupaukakerfi fyrirtækisins og skal ákvörðun um veitingu kaupauka byggð á mælanlegum árangursviðmiðum. Við mat á árangri skal m.a. taka tillit til árangurs starfsmanns, árangurs þeirrar viðskiptaeyningar sem hann tilheyrir, frammistöðu fyrirtækisins í heild og þeirrar áhættutöku sem liggur árangrinum til grundvallar.

Almennt er ekkert sem bannar starfsmönnum fjármálafyrirtækja, öðrum en starfsmönnum innri endurskoðunar, að fjárfesta í hlutabréfum viðkomandi fjármálafyrirtækis og fá, eftir atvikum, greiddan arð af fjárfestingum sínum, geta arðgreiðslur í ákveðnum tilvikum talist til kaupaukagreiðsla.

Í máli þessu voru það eftirtalin atriði sem urðu þess valdandi að Fjármálaeftirlitið taldi að arðgreiðslur málsaðila til starfsmanna, félaga í eigu þeirra eða maka töldust vera kaupauki til starfsmanna málsaðila.

- Vinnuréttarsamband var forsenda þess að starfsmönnum málsaðila, félög í eigu þeirra eða maka fengu að kaupa hluti í B flokki hlutabréfa. Verða því fjárfestingar félaga í eigu starfsmanna og maka lagðar að jöfnu við fjárfestingu viðkomandi starfsmanna.
- Litið var til þess hvaða sjónarmið réðu því hvaða aðilum var boðið að kaupa B flokk hlutabréfa í málsaðila en í umræddu tilfelli var einungis tilteknum starfsmönnum málsaðila, félögum í eigu þeirra eða maka var boðið að kaupa B flokk hlutabréfa í málsaðila. Var því ljóst að hlutabréf í B flokki voru ekki ætluð almennum fjárfestum.
- Óveruleg fjárhagsleg áhætta var fólgin í fjárfestingunni þar sem enginn munur var á endurgjaldi og innlausnargjaldi fyrir hluti í B flokki hlutabréfa. Umræddir hluthafar keyptu hlutina í nóvember 2016 á genginu 5 og samþykktir málsaðila kváðu á um að þeim væri skylt að hlíta innlausn á hlutunum á sama gengi samkvæmt ákvörðun stjórnar málsaðila.
- Umræddir hluthafar greiddu samtals 34.040.572 krónur til félagsins fyrir hlutina í nóvember 2016 og í mars 2017 fengu þeir arðgreiðslu sem nam samtals 357.426.096 krónum. Við kaupin lá fyrir jákvæði afkomuviðvörun fyrir fyrstu níu mánuði ársins og miðað við reiknireglu í samþykktum málsaðila hefði mátt gera ráð fyrir verulegri



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

arðgreiðslu til hluthafa B flokks hlutabréfa sem nam mun hærri fjárhæð en kaupverð hlutabréfanna. Að mati Fjármálaeftirlitsins endurspeglar kaupverð hlutanna því ekki raunverulegt verðmæti þeirra.

Kaupaukagreiðslurnar uppfylltu ekki skilyrði 57. gr. a fttl., sbr. reglur nr. 388/2016. Brot á 57. gr. a fttl. getur varðar stjórnvaldssektum, sbr. 33. tölul. 1. mgr. 110. gr. sömu laga. Sektir lagðar á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 110. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 57. gr. a laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 111. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 3. mgr. 110. gr. fttl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislega áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot sé að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var m.a. litið til eðli brotsins en markmið ákvæðis 57. gr. a fttl. og reglna um kaupauka er að tryggja að umbun til starfsmanna fjármálafyrirtækja sé tengd árangri í starfi og í samræmi við undirliggjandi áhættu. Þá er málsaðili með starfsleyfi sem viðskiptabanki sem er víðtækasta starfsleyfið sem veitt er fjármálafyrirtækjum og stór hluti starfsmanna bankans eða um 40% hans fengu greidda kaupauka í formi arðgreiðsla af hlutabréfum í B flokki. Auk þess var horft til þess að greiðslurnar fóru að öllu leyti fram utan kaupaukakerfis bankans og féllu því ekki undir ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins um frestun kaupauka og heimild til afturköllunar hans.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti, veltu málsaðila fyrir rekstrarárið 2016 og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 37.500.000 krónur.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 111. gr. ffl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið felld það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.